

Rauði krossinn á Íslandi

Rauði krossinn á Íslandi er sjálfboðaliðahreyfing rúmlega 20 þúsund félagsmanna og 3000 virkra sjálfboðaliða sem starfa í 42 deildum um allt land.

Sjálfboðaliðar og starfsfólk aðstoða flóttafólk, kenna skyndihjálpar, hjálpa einstaklingum í þrengingum, safna fötum til neyðarhjálpar, starfa með börnum og ungmennum, gegna lykilhlutverki í neyðarvörnum og inna af hendi óteljandi önnur störf til þess að létta og koma í veg fyrir þjáningar.

Alþjóðlegt hjálparstarf Rauða krossins nær á hverju ári til þúsunda fórnarlamba hamfara, ófriðar og örbirgðar um allan heim.

Velkomin/n í hópinn

Upplýsingar sjálfboðaliðans

> til nýrra sjálfboðaliða



Kæri sjálfboðaliði

Það er okkur mikil ánægja að senda þér nýja skírteinið þitt og þennan bækling. Í honum er að finna ýmsar upplýsingar um Rauða krossinn og störf hans. Hér finnur þú einnig ábendingar um réttindi þín og skyldur, sem og þá möguleika sem þér standa til boða sem sjálfboðaliði. Við hvetjum þig til að sækja frekari upplýsingar á heimasíðu Rauða krossins www.raudikrossinn.is.

Bestu þakkir fyrir framlag þitt.



Formaður Rauða krossins

Gagnkvæmar væntingar

Rauði krossinn leitast sífellt við að bæta stuðning og fræðslu til sjálfboðaliða félagsins. Sem sjálfboðaliði hefur þú ýmis réttindi en til þín eru einnig gerðar kröfur. Rauði krossinn hvetur þig til að kynna þér vel siðareglur félagsins og starfa samkvæmt þeim. Í starfi þínu innan Rauða krossins átt þú rétt á að fá kynningu á félaginu og störfum þess sem og leiðbeiningar og stuðning frá leiðbeinanda þínum. Þú átt einnig rétt á að starf þitt sem sjálfboðaliði sé metið, að tekið sé á vandamálum og kvörtunum þínum af tillitssemi og trúnaðar sé gætt varðandi persónulegar upplýsingar um þig. Þú ert slysatryggð/ur á meðan þú vinnur sjálfboðið starf innan Rauða krossins. Þegar þú hefur tekið að þér verkefni fyrir Rauða krossinn skuldbindur þú þig til þátttöku í því í ákveðinn tíma og þeir sem þú starfar með gera ráð fyrir þér. Því er mikilvægt að þú tilkynnir forföll til viðeigandi aðila. Mælst er til þess að þú látir stjórnanda verkefnisins vita ef þeir sem þú ert að starfa með þarfnast frekari aðstoðar svo beina megi málinu í réttan farveg. Þú getur að skipt um, bætt við eða hætt í verkefni með því að breyta eða segja upp sjálfboðaliðasamningnum. Þér ber að virða reglur um notkun merkis Rauða krossins og hvetur félagið þig til að koma í veg fyrir misnotkun þess.

Við hvetjum þig til að fara inn á sjálfboðaliðavefinn og kynna þér betur siðareglur Rauða krossins á Íslandi, tryggingar sjálfboðaliða og fleira gagnlegt fyrir störf þín.
<https://sjalfbodalidar.raudikrossinn.is/>

Grunnámskeið Rauða krossins

Allir sjálfboðaliðar Rauða krossins eru hvattir til að taka grunnnámskeið á vef félagsins áður en þeir hefja störf eða sem fyrst eftir að þeir hefja störf. Á grunnnámskeiðinu er fjallað um sögu og uppbyggingu Rauða krossins, grundvallarhugsjónir félagsins, merki hreyfingarinnar, Genfarsamningana og starfsemi Rauða krossins á Íslandi.

Grunnnámskeiðið er að finna á slóðinni:
<http://namskeid.raudikrossinn.is>

Leiðarljós Rauða krossins

Rauði krossinn bregst við neyð jafnt innanlands sem utan og veitir aðstoð er gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum. Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga.



Grundvallarhugsjónir Rauða krossins

Allt starf Rauða krossins er byggt á grundvallarhugsjónunum sjö: **mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfboðinni þjónustu, einingu og alheimshreyfingu.** Sjálfboðaliðum og starfsmönnum um heim allan ber ávallt að starfa samkvæmt grundvallarhugsjónunum í starfi sínu með hreyfingunni.

Yfirlitið mitt

Sjálfboðaliðar geta fengið yfirlit yfir þátttöku sína í verkefnum og á námskeiðum hjá Rauða krossinum. Á sjálfboðaliðavef er síða sem heitir yfirlitið mitt. Þú slærð inn kennitölu og netfang, sem þarf að vera það sama og er skráð í gagnagrunninum, og þú færð sent yfirlit á netfangið.

Dagarnir okkar

Allir sjálfboðaliðar eru hvattir til þess að taka þátt í átaksverkefnum Rauða krossins. Má þar nefna Göngum til góðs, landssöfnun þar sem gengið er í hús til að safna fé til verkefna Rauða krossins. Þá eru nokkrir dagar áberandi í dagatali félagsins svo sem 5. desember sem er alþjóðadagur sjálfboðaliðans, 11. febrúar er 112 dagurinn þar sem áhersla er lögð á skyndihjálp og 8. maí sem er alþjóðadagur Rauða krossins og Rauða hálfmánans.